# ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR

Íþrótta- og tómstundanefnd Hafnarfjarðarbæjar

Hafnarfirði 15. nóvember 2017

**Efni: Afreksmannasjóður ÍBH – óskað eftir viðbótarframlagi**

Afreksmannasjóður ÍBH hefur verið samvinnuverkefni Hafnarfjarðarbæjar og Íþróttabandalags Hafnarfjarðar frá árinu 1988. Gífurleg gróska hefur verið í íþróttastarfinu í Hafnarfirði í ár og metfjöldi umsókna borist til sjóðsins. Á tímabilinu 1. janúar til 6. nóvember 2017 er búið að úthluta kr. 16.443.000 úr sjóðnum samkvæmt reglugerðinni sem gildir um sjóðinn. Framlag Hafnarfjarðarbæjar til sjóðsins 2017 var kr. 10.500.000. Framlag ÍBH til sjóðsins 2017 var kr. 1.500.000. Á árinu 2017 er búið að ganga á varasjóð sjóðsins að upphæð kr. 4.445.000 og er hann nánast tómur. Íþróttafólk félaganna í Hafnarfirði á ennþá eftir að fara í verkefni á árinu 2017, þannig að útgjöldum vegna 2017 er ekki lokið. Hafnarfjarðarbær hefur alltaf komið með viðbótarframlag í sjóðinn þegar hann hefur tekið svona kippi vegna góðs árangurs.

ÍBH óskar eftir viðbótarframlagi í sjóðinn frá Hafnarfjarðarbæ vegna ársins 2017.
ÍBH óskar eftir hækkun á framlagi Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2018.

Með von um góðar viðtökur,

Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH

Íþróttahúsinu Strandgötu • Pósthólf 548 • 222 Hafnarfjörður • Sími: 555 2300 • Netfang: ibh@hafnarfjordur.is • Sími framkv.stj.: 848 2171